



SOS BARNAPORPIN

2. tölublað 26. árgangur 2020

Öll börn vilja gott heimili

Lilja Írena styrkir 10 börn hjá SOS

Gekk ung í gegnum móðurmissi:
„Ég veit ekkert verra“

Yfirgefin stúlkubörn á Indlandi

Jóns minnst hjá SOS í Brasilíu

Sjoppurekstur bjargar fjölskyldum

Fréttabréf SOS
er fjáröflun

Reikningsnr. fyrir frjáls
framlög 0130-26-9049

Kennitala 500289-2529

eða hringdu í

907-1001 (1.000 kr)

907-1002 (2.000 kr)

Hvers vegna?

Hvers vegna ættir þú að hjálpa börnum í útlöndum?

Fara ekki bara öll framlög til hjálparsamtaka í spillingu?

Ef þú hefur fengið þetta fréttablað í hendurnar get ég líklega gengið út frá því að þú hafir trú á SOS Barnaþorpunum og hafir meðvitað valið að hjálpa börnum úti í heimi sem annað hvort eru án foreldraforsjár eða eiga á hættu að missa hana. Þar gerðir þú vel!

Hins vegar er eðlilegt að efast og spyrja spurninga. Því er eðlilegt að þú spyrjir þig:

Kemst framlag þitt til skila?

Já, svo sannarlega. Gríðarlega mörg dæmi eru um börn sem misst hafa foreldraforsjá en eignast nýtt heimili og nýja fjölskyldu í SOS Barnaþorpi, fengið menntun og svo fengið vinnu, stofnað fjölskyldu og lifa nú góðu lífi. Nokkur þeirra hafa komið til Íslands, annað hvort á vegum SOS eða fyrrum styrktarforeldra sinna.

Styrktarforeldrum gefst líka kostur á að heimsækja börnin sín í barnaþorpin og sjá þannig með eigin augun hvernig aðbúnaðurinn er og hvernig framlagið nýtist.

Einnig eru fjölmörg dæmi um börn í sárafatækum fjölskyldum sem ekki fengu grunnþörfum sínum mætt en með hjálp Fjölskylduefingar SOS tókst foreldrunum að afla sér tekna, hefja sparnað og sinna nú öllum grunnþörfum barnanna án utanaðkomandi aðstoðar. Í mörgum tilvikum hefur tekist að koma í veg fyrir sundrungu fjölskyldunnar.

Er þá allt eins og það á að vera hjá SOS?

Nei, ekki alveg. Hjá SOS Barnaþorpunum starfa þúsundir einstaklinga og því miður leynast stundum skemmd epli inn á milli hjá okkur eins og hjá öðrum. Samtökin eru sem betur fer með gott eftirlit og verklag þegar upp kemst um eitthvað sem ekki er samkvæmt okkar ströngu gæðastöðlum. Þá gerum við á Íslandi óhrædd athugasemdir ef við verðum vör við eitthvað í starfsemi annarra landa sem kallar á útskýringar og ég get trúað ykkur fyrir því að sumum finnst við jafnvel of smámunasöm á köflum.

Í ofanálag eru svo endurskoðaðir ársreikningar okkar aðgengilegir öllum á heimasíðunni www.sos.is og við tökum vel í allar fyrirspurnir um starfsemi okkar, hvort sem þær lúta að fjármálum eða öðrum þáttum.

Að þessu sögðu get ég með mikilli vissu sagt að framlög til SOS Barnaþorpanna komast til skila og nýtast bágstöddum börnum á árangursríkan hátt.

Ég vona að þitt framlag, bæði í fortíð og framtíð, hafi verið og verði gefið með glöðu hjarta í þeirri fullvissu að framlagið hjálpi börnum í neyð... sem það vissulega gerir eins og dæmin sanna.

Takk fyrir traustið og hjálpina!



Ragnar Schram



Samtökin eru sem betur fer með gott eftirlit og verklag þegar upp kemst um eitthvað sem ekki er samkvæmt okkar ströngu gæðastöðlum.

EFNISYFIRLIT



4 YFIRGEFNAR SYSTUR FÁ HEIMILI Í BARNAPORPI

Púsundir barna eru yfirgefnar af foreldrum sínum á hverju ári á Íslandi



6 JÓNS MINNST Í BRASÍLÍU

Fyrrverandi styrktarbörn Jóns minnst guðföður síns frá Íslandi

7 AF GÖTUNNI Í HÁSKÓLA

Ung kona gaf út lag til að þakka SOS



8 LILJA ÍRENA STYRKIR 10 BÖRN

Uppeldisgildi fyrir synina að eiga styrktarsystur

10 FJÖLSKYLDUEFLING Í EPÍÓPÍU

Þrjár húsmæður með sjoppurekstur á umferðarmiðstöð

11 SPURT OG SVARAÐ UM SOS

Algengustu spurningar styrktaraðila



12 FRJÁLSUM FRAMLÖGUM RÁÐSTAFAD


SOS sinnir líka þróunar-, mannúðar- og neyðaraðstoð í þágu barna

13 ALSÆL Í ÍSLENSKU LANDSLIÐSTREYJUNNI

SOS systkini í Eþíópíu fengu óvæntan glaðning frá Íslandi

14 BÖRN Á ÍSLANDI

Sólblómaleikskólar og framlög barna



Fylgstu með okkur á
samfélagsmiðlum.



Útgefandi

SOS Barnaporpin á Íslandi

Ritstjóri

Hans Steinar Bjarnason

Ábyrgðarmaður

Ragnar Schram

Prófarkarlestur

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Forsíðumynd

Hans Steinar Bjarnason

Umbrot

Halldór Elías Guðmundsson

Prentun

Oddi

Upplag:

25.000

Fréttablað SOS Barnaporpanna kemur út þrisvar á ári. Það er sent til styrktaraðila og er jafnframt liður í fjáröflun.

SOS BARNAPORPIN

Hamraborg 1
200 Kópavogi
Sími 5642910
sos@sos.is
www.sos.is



Yfirgefnar systur fá heimili í SOS barnaþorpi

Frá vinstri: Kushnuma, SOS mamma Sajna og Rehnuma.

Viðtal: Hans Steinar Bjarnason.

Þúsundir barna eru yfirgefnar af foreldrum sínum á hverju ári á Indlandi, flest þeirra stúlkubörn. Hér á Íslandi finnst okkur slík ákvörðun foreldra óhugsandi en þegar upp er staðið eiga þessar yfirgefnu stúlkur oft bjartari framtíð annarsstaðar. Í SOS barnaþorpinu í Greenfields á Indlandi búa systurnar Khusnuma, 6 ára og Rehnuma, 7 ára, sem voru yfirgefnar af foreldrum sínum á síðasta ári. Undirritaður hitti þær og SOS móður þeirra í heimsókn til Indlands.

„Foreldrar þeirra skildu og stofnuðu fjölskyldur með öðrum mökum. Hvorugt þeirra var reiðubúið til að taka dætur sínar með í nýju hjónaböndin svo þær komu hingað til okkar,” segir Sajna, SOS móðir stúlkanna.

Synir mikilvægari en dæturnar

Dætur eru meiri byrði á fátækum fjölskyldum en synir vegna fornrar hefðar um heimanmund í upphafi hjónabands. Reyndar voru lög um heimanmund afnumin og þau gerð


refsiverð á Indlandi fyrir mörgum árum en margir fara þó í kringum lögin og falast enn á leynilegan hátt eftir greiðslu frá foreldrum brúðarinnar.

„Strákar hafa meira mikilvægi í fjölskyldum sínum því fjölskyldunafnið og helgisíðir flytjast áfram með þeim á milli kynslóða. Mörgum foreldrum finnst fjölskyldan ekki eiga neina framtíð fyrir sér ef þeir eignast bara stúlkur og þeim er því stundum komið fyrir hjá öðrum fjölskyldum. En ef stúlkur eru menntaðar þá eru meiri líkur á að þær kynnist eiginmanni á sínum eigin forsendum og þá gerir enginn kröfu um heimanmund,” segir Dr Niharika Chamola, aðstoðarframkvæmdastjóri SOS barnaþorpsins í Greenfields.

Það má því ætla að Khusnuma og Rehnuma eigi bjarta framtíð fyrir höndum því þær ganga í skóla og hafa aðgang að enn frekari menntun í framtíðinni eins og öll börn í SOS barnaþorpum. Undirritaður spurði systurnar hvernig þeim fyndist að búa í barnaþorpinu og svöruðu þær báðar á glaðlegan máta að þar kunni þær vel við sig.



Í Greenfields barnaþorpinu eru 34 börn sem eiga styrktarforeldra á Íslandi.



QR kóði: SOS sögur
Sjáðu myndband á heimasíðu SOS frá heimsókn til systranna.



VERTU SOS-FORELDRI - SKRÁNING Á SOS.IS



Ungar systur skildar eftir á lestarstöð

Verlunareigandi nokkur á lestarstöðinni í Faridabad á Indlandi tók eftir því sumarið 2018 að tvær ungar stúlkur, þriggja og fjögurra ára, ráfuðu þar einar um. Hann fylgdist með þeim í þrjár klukkustundir og velti fyrir sér hvort þær væru ekki örugglega í fylgd foreldra sinna. Þær reyndust vera einar og eftirlitslausar systur sem voru skildar eftir á lestarstöðinni.

Daginn eftir fór lögreglan með systurnar í SOS barnaþorpið í Faridabad. Þar áttu þær að dvelja meðan foreldra þeirra eða ættingja var leitað en enn hefur enginn gefið sig fram. „Þær eru heppnar að hafa komið hingað heilar á húfi. Þær hefðu geta lent í hverju sem er, eftirlitslausar á lestarstöðinni,“ segir Tsewang Paldon, framkvæmdastjóri barnaþorpsins.

Systurnar komnar langt að

SOS barnaþorpið í Faridabad fær fjögur til fimm börn á mánuði í tímabundna gæslu meðan leitað er að ættingjum þeirra og unnið að lausn á búsetuúrræði fyrir þau. „Við þekkjum mörg dæmi um þetta. Foreldrarnir neyðast til að

gera þetta því þeir geta ekki séð fyrir börnunum. Stundum getur lögreglan fundið ættingja þessarra barna,“ segir Tsewang.

Svo virðist sem systurnar séu komnar langt að. Þær tala tungumál sem talið er að sé frá svæðinu Bihar, í yfir þúsund km fjarlægð frá Faridabad. Þær voru með þoka á sér sem í voru nokkrir litlir kjólar.

Hamingjusamar í barnaþorpinu

SOS-móðirin Jharna tók stúlkurnar að sér og hefur myndast mikið traust á milli þeirra. „Þegar þær eru að fara í háttinn talar eldri systirin mikið um fjölskyldu sína og hvað kom fyrir þær. Það er samt svolítið erfitt að skilja þær,“ segir Jharna. Systurnar vilja sofa nálægt henni og þær tala aldrei meira en þá, einmitt fyrir svefninn.

Þær brosa og njóta sín á heimilinu umkringdar SOS-bræðrum og systur. „Þær eru hamingjusamar hérna,“ bætir Jharna við að lokum.

Fjórir Íslendingar eru styrktarforeldrar barna í þorpinu í Faridabad.

Viltu gefa styrktarbarninu þínu framtíðargjöf?

Framtíðarreikningur SOS Barnaþorpanna er frábær leið til að auka möguleika styrktarbarns þíns í framtíðinni. Þetta nýta sér fjölmargir styrktarforeldrar og þeir ráða sjálfir peningaupphæðinni hverju sinni. Þær peningagjafir sem lagðar eru inn á þennan reikning fara óskiptar til viðkomandi barns sem fær sjóðinn afhentan þegar það yfirgefur þorpið og fer að standa á eigin fótum. Algengt er að sjóðurinn nýtist til íbúðarkaupa eða fjármögnunar á frekara námi.

Einfaldast er að greiða inn á framtíðarreikninginn á Mínum síðum á heimasíðunni okkar - sos.is

Einnig er hægt að leggja beint inn á framtíðarreikning SOS: 0334-26-51092, kennitala: 500289-2529. Þessi reikningur er hjá SOS á Íslandi og þarf kennitala styrktarforeldris að koma fram í greiðslunni vegna tengingar við rétt barn. Þegar styrktarbarni er gefin peningagjöf fær styrktarforeldri sent þakkarbréf þar sem staðfest er að gjöfin hafi borist.





Jóns minnst í Brasilíu

- Stuðningur án landamæra

Jón var staddur í barnþorpinu á 72 ára afmælisdaginn sinn árið 2006. Börnin sungu fyrir hann afmællissönginn og bökuð var afmælisterta.

Systkini sem ólust upp í SOS barnþorpinu í Santa Maria í Brasilíu fara fögrum orðum um styrktarforeldri sitt, Jón Pétursson, í minningargrein sem birt var á heimasíðu SOS í Brasilíu. Jón, sem lést í janúar 2019, varð styrktarforeldri þeirra árið 1991 þegar þau voru tveggja og fimm ára.

Var okkur raunverulega sem faðir

Þetta var upphafið á fallegu sambandi milli Jóns og systkinanna sem nefndu hann Pétur frænda, (Uncle Peter) og heimsótti hann þau margoft til Brasilíu. „Honum þótti strax vænt um okkur og tók okkur að sér sem guðfaðir,” segir systirin, Graciane, sem er 31 árs í dag og á tvö börn með sambýlismanni sínum, fjögurra og níu ára. Bróðir Graciane er Leomar, 34 ára, og hefur einnig komið sér upp fjölskyldu. Hann á í dag fjögurra ára son með sambýliskonu sinni og hugsar alltaf hlýlega til Jóns. „Frá því hann hitti okkur í fyrsta skipti sýndi hann okkur umhyggju og athygli. Hann var okkur raunverulega sem faðir.”

Graciane og Leomar segja börnunum sínum sögur af Jóni sem kenndi þeim ýmislegt, m.a. að útbúa íslenska matarrétti. Jón var viðstaddur margar gleðistundir í lífi barnanna í þorpinu eins og skólaútskriftir. Hann var dádur af börnunum og starfsfólkinu og er það enn í dag.

Trygðri framtíðaröryggi systkinanna

Jón lét sig alltaf varða hag umkomulausra barna og styrkti alls átta börn í Brasilíu gegnum SOS Barnþorpin. Árið 2018 hafði Jón samband við skrifstofu SOS á Íslandi og var

heilsu hans þá farið að hraka. Engu líkara er en að hann hafi vitað að hann ætti skammt eftir ólífað. Hann hafði ákveðið að gefa 10 milljóna króna framlag sem skiptist á milli SOS á Íslandi, barnþorpsins í Santa Maria og Graciane og Leomar svo þau gætu tryggt sér og fjölskyldum sínum öruggt húsnæði.

Ræddi við systkinin skömmu fyrir andlátíð

Jón fékk hjartnæmt bréf frá Graciane, Leomar og stjórnendum barnþorpsins um sumarið 2018. Þau tjáðu honum væntumþykju sína og lýstu áhyggjum sínum af heilsufari hans með von um bata. Í janúar 2019 kom Jón á skrifstofu SOS í Hamraborg og átti myndsímtal við Graciane, Leomar, framkvæmdastjóra barnþorpsins í Santa Maria og eiginkonu hans en þau voru nánir vinir Jóns. Tár féllu og það var greinilegt hve vænt Jóni þótti um börnin sín og þeim um hann. Jón lést nokkrum dögum síðar á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund.

Jóns minnst í Brasilíu

Í minningarorðum á heimasíðu SOS í Brasilíu segir að fjarlægð, menningarmunur og landamæri hafi ekki verið nein hindrun fyrir Jón að sýna væntumþykju sína og stuðning við umkomulaus börn í Brasilíu og að veita þeim tækifæri í lífinu. „SOS Barnþorpin í Brasilíu heiðra þá ást og samstöðu sem Jón sýndi okkur og þakka honum stuðninginn öll þessi ár.”

Sjáðu til þess að óskum þínum verði framfylgt

Haltu áfram að gefa von

Fjöldi umkomulausra barna hefur fengið nýtt líf og nýja von vegna erfðagjafa frá stuðingsaðilum SOS Barnþorpanna. Hafðu samband við okkur til að fá sendan bæklinginn „Eftir þinn dag” eða til að fá frekari upplýsingar um erfðagjafir til samtakanna.



www.erfdagjof.is

Sími: 5642910 // www.erfdagjof.is // sos@sos.is

Af götunni í háskóla

- „Takk“ SOS

Tumi Ralebitso flutti 11 ára gömul í SOS barnaþorp í Lesótó ásamt þremur yngri systkinum sínum eftir að móðir þeirra dó úr HIV/AIDS. Tumi er 26 ára í dag, nýútskrifuð með háskólagráðu í viðskiptafræði og er auk þess framúrskarandi söngkona.

„Ég átti í fyrsta lagi aldrei von á því að ég gæti nokkurn tímann farið í háskóla en núna er ég á leið í meistara- og doktorsnám í sálfræði. Þetta er langt umfram það sem ég gat leyft mér að dreyma um áður,“ segir Tumi sem þakkar SOS Barnaþorpinum velgengnina í lífinu og samdi af því tilefni lag sem hún tók upp í hljóðveri. Lagið heitir einfaldlega „Thank you“ eða Takk.

Sváfu „á götunni“ til að fá næturro

Tumi var 6 ára þegar foreldrar hennar skildu og við tóku mjög erfiðir tímar fyrir móður hennar sem stóð eftir atvinnulaus og ein með 6 börn. Móðir hennar reyndi eins og hún gat að afla tekna til að eiga fyrir mat, m.a. með því að selja smámuni í höfuðborginni Maseru og heimabruggaðan bjór. Þau bjuggu öll saman í litlu tveggja herbergja húsi sem fylltist reglulega af ölvuðu fólki vegna sölunnar á heimabrugginu.


„Hávaðinn og lætin af völdum ölvaðra karla og kvenna í þessari litlu íbúð voru óbærileg,“ segir Tumi þegar hún rifjar upp þennan tíma. „Ég og yngri bróðir minn forðuðum okkur oft í burtu og sváfum „á götunni“ bara til að fá næturro svo við gætum sofið.“

Borðuðu ekki í nokkra daga

Ástandið versnaði svo til muna þegar móðir þeirra veiktist. Tumi reyndi að selja ávexti til að afla einhverra tekna fyrir mat en það dugði ekki til svo hún þurfti stundum að betla fyrir mat. „Að þurfa að betla rændi mig sjálfsvirðingunni og ég þurfti að sætta mig við að ástandið var komið út fyrir öll vonleysismörk. Stundum borðuðum við ekki í nokkra daga,“ segir Tumi þegar hún rifjar upp þessa erfiðu tíma systkinanna sem áttu eftir að verða enn erfiðari.

Léttir að flytja í barnaþorpið

Móðir þeirra dó ári síðar og systkinin börðust í bökkum í nokkra mánuði áður en afi þeirra greip í taumana og hafði samband við SOS Barnaþorpin í Maseru. Tumi minnst



þess hvað hún upplifði mikinn létti þegar hún flutti ásamt þremur yngri systkinum sínum í barnaþorpið þegar hún var 11 ára. „Ég þurfti ekki lengur að hafa áhyggjur af því að útvega næstu máltíð og ég þurfti ekki lengur að vinna. Þarna breyttist allt til hins betra.“

Hjálpar götubörnum

Tumi er í dag ekki aðeins háskólagengin heldur hyggur hún á enn frekara nám eins og áður segir. Hún var nýlega ráðin verkefnastjóri í atvinnueflingarverkefni fyrir ungt fólk og sinnir auk þess sjálfbærniáhrifum fyrir samtökin Future of Africa til að hjálpa götubörnum í Lesótó. „Ég hef sögu að segja sem getur veitt þeim von. Ég get sagt þeim að það sé til leið af götunni í átt að bjartri framtíð.“

Gaf út lag til að þakka SOS

Tumi er SOS Barnaþorpinum full þakklætis fyrir tækifærið sem hún fékk og samdi lagið „Takk“ til að sýna þakklæti sitt. „Og líka til að vera rödd allra SOS barna eða hvaða barns sem er sem langar til að þakka þeim sem hafa haft jákvæð áhrif á líf þess,“ segir Tumi að lokum.

6 Íslendingar eru SOS-styrktarforeldrar barna í barnaþorpinu í Maseru.



QR kóði: SOS sögur

Sjáðu myndband með viðtali við Tumi og heyrðu lagið á heimasíðu SOS.




Lilja Írena og fjölskylda styrkja 10 börn

Uppeldisgildi fyrir synina að eiga styrktarsystur í SOS barnahöfudum

Viðtal: Hans Steinar Bjarnason.

Flestir SOS-styrktarforeldrar á Íslandi styrkja eitt barn en sumir fleiri. Lilja Írena Guðnadóttir og fjölskylda hennar í Stykkishólmi styrkja samtals tíu börn í SOS barnahöfudum víðsvegar um heiminn. Níu stúlkur og einn dreng.

Lilja Írena og eiginmaður hennar, Andrés, eiga þrjú syni, Björgvin Orra 10 ára, Friðrik Bjarna 8 ára og Böðvar Hlyn 4 ára. Lilja Írena byrjaði árið 2003 að styrkja fimm ára dreng í barnahöfudu í Kenía. „Ætli það hafi ekki verið vegna þess að ég tók eftir neyðinni í heiminum og vildi gera eitthvað. Mig hefur alltaf langað til að ferðast um allan heiminn en ef ég þyrfti að velja myndi ég frekar vilja hjálpa um allan heim,” segir Lilja Írena sem frá árinu 2016 fór að bæta við sig SOS styrktarbörnum þangað til þau voru orðin alls tíu, fyrr á þessu ári.



Lilja Írena og Andrés

áhugamál og styrktarsystur þeirra. Lilja Írena segir að hún hafi sóst eftir því að styrkja stúlkur því þær séu berskjaldaðri fyrir ógn af ýmsu tagi eins og mansali og misnotkun og eigi minni möguleika á menntun. „Og svo fannst mér svolítið skemmtilegt að dreifa þessu um heiminn þannig að í dag erum við að styrkja barn í nánast hverri heimsálfu.”

Ígildi tíundar

Það vekur óneitanlega athygli að ein og sama fjölskyldan hér á landi styrki tíu börn í gegnum SOS Barnahöfudin en Lilja Írena vill ekki gera mikið úr því. „Við erum ekkert sérstaklega að tala um það út á við að við séum að styrkja tíu börn. Það er ekki tilgangurinn með þessu. Ég er í svona samfélagi þar sem fólk borgar tíund af sínum tekjum. Ég ákvað í raun að það færi ekki allt í kirkjuna heldur í þetta. Þannig kemur það til. Það skiptir í raun og veru ekki máli fyrir mig hvert peningurinn fer. Þetta er það málefni sem brennur mest á mér. Munaðarlaus börn.”

Ekkert verra en að missa móður sína

Lilja Írena varð fyrir miklu áfalli á unglingsárunum sem hún segir að hafi haft mikil áhrif á líf sitt. „Ég sjálf missti mömmu þegar ég var 15 ára og ég veit bara ekkert verra. Ég á rosalega góðar minningar og það sem mér finnst mikilvægast að allir fái að upplifa er góð æska. Ef það er

Ég sjálf missti mömmu þegar
ég var 15 ára og ég veit bara
ekkert verra.

eitthvað sem ég get gert til að gera heiminn betri þá er það að stuðla að því að börn fái að hafa foreldra. Það er bara ofboðslega mikið af börnum eiga enga foreldra og eiga engan að.”

Fólk feimið að tala um þetta

Synir Lilju Írenu eru með myndir af styrktarsystur sínum uppi á vegg inni í herbergi og svo er heimskort á vegg á herbergjaganginum þar sem merkingar og myndir eru fyrir hvert og eitt styrktarbarn. Fjölskylda og vinir vita af þessum



VERTU SOS-FORELDRI - SKRÁNING Á SOS.IS

öflugu stuðningi við SOS Barnaþorpin og eiga það til að undrast hversu mörg börn fjölskyldan styrkir. „Fólk er allveg feimið að tala um það. Ég get ímyndað mér að fólk haldi að við séum ekki að styrkja öll þessi börn á sama tíma. Fólk er feimið við að brydda upp á þessu við okkur. Þetta er eitthvað sem ég held að fólk finnst einkennilegt,” segir Lilja Írena en þess má þó geta að um níu þúsund Íslendingar eru að styrkja börn í gegnum SOS Barnaþorpin. „Já, ég rekst oft á fólk sem er að styrkja börn hjá SOS.”

Gerir synina víðsýnni

Synir Lilju Írenu hafa skrifað bréf til styrktarsystkina sinna og fengið svar til baka og hefur fjölskyldan sérstaklega mikla ánægju af því. Hún segir að það geri mikið fyrir syni sína að taka þátt í stuðningnum við SOS börnin. „Já, mér finnst það uppeldislegs eðlis að tengja þá svona á persónulegan hátt við einhvern sem hefur búið við bág kjör þó viðkomandi geri það ekki lengur. Þeir eru klárlega víðsýnni fyrir vikið.”

Ánægjulegir endurfundir

Lilja Írena þarf ekki að fletta upp í neinum möppum þegar hún telur upp SOS stúlkurnar sem hún paraði við syni sína. Hún man nöfnin og löndin utanbókar. Aðspurð finnst Lilju Írenu þessi börn standa upp úr af þeim tíu sem fjölskyldan styrkir en hún nefnir líka fyrsta barnið sem hún tók að sér að styrkja fyrir 17 árum. „Svo náttúrulega held ég rosalega mikið upp á hann Eric í Kenía sem var fyrsta styrktarbarnið.

Hann var bara 5 ára þegar ég byrjaði að styrkja hann. Hann á svolítið stóran sess.”

Lilja Írena þurfti að láta af stuðningi sínum við Eric í fjármálakreppunni en þegar birti til það hún um að fá að halda áfram að styrkja hann. „Mér fannst mjög vænt um að það var hægt að finna hann aftur og ég gat haldið áfram með hann.”

Ekki hefur komið til tals að heimsækja börnin í barnþorpin en Lilja Írena var reyndar hársbreidd frá því að hitta Eric árið 2006. Þá var hún með hópi fólks í Kenía og stödd nálægt Eric en hún vildi ekki raska áætluð hópans. „Svo komum við í borgina hans á leiðinni annað þannig að það var mjög skrítið að fara ekki að heimsækja hann. Það var ekki hægt að koma því við þá.”

Eric í Kenía er fyrsta styrktarbarn Lilju Írenu og hún hefur fylgst með honum eldast síðan hann var 5 ára. Hann er 22 ára í dag.



Á heimili Lilju Írenu og Andrésar er heimskort upp á vegg þar sem merkingar og myndir eru fyrir hvert og eitt styrktarbarn.

Ættleiðingardraumur

Lilja Írena finnur hjá sér mikla þörf fyrir að hjálpa öllum börnum sem á hjálp þurfa að halda þó hún viti að það sé auðvitað ómögulegt. „Ég hef lengi haft þennan ættleiðingardraum, að geta bjargað öllum heiminum og svoleiðis. En það er takmarkað sem maður getur gert. Það er svo gott fyrirkomulag hjá SOS að það sé fólk í heimalandinu sem getur sinnt þessum börnum.”

Veitir styrk á erfiðum tímum

Þá hefur það líka hjálpað Lilju Írenu og fjölskyldu á erfiðum tímum að hugsa til styrktarbarnanna sinna. „Þegar manni finnst allt einhvern veginn erfitt í lífinu, að geta huggað sig

Það eru svo mikil forréttindi að vera Vesturlandabúi og hugsandi til þess hvað það er mikil neyð í heiminum þá finnst mér það vera siðferðisleg skylda okkar að aðstoða.

við það að maður er að koma einhverju góðu til leiðar. Það eru svo mikil forréttindi að vera Vesturlandabúi og hugsandi til þess hvað það er mikil neyð í heiminum þá finnst mér það vera siðferðisleg skylda okkar að aðstoða,” segir Lilja Írena og nefnir sem dæmi gildismat okkar Íslendinga. „Við erum að velta fyrir okkur vandamálum eins og að okkur langi svo í hjólhýsi. Þetta er svona atriði sem skiptir engu mái í stóra samhenginu. Mér finnst ég í raun vera að gera ósköp lítið. Mér finnst þetta gera okkur þakklátari fyrir það sem við höfum.”



Sjá um sjoppu og salerni á umferðarmiðstöðinni

Barnafjölskyldur í sárafátækt standa loks á eigin fótum

Viðtal: Hans Steinar Bjarnason.

Meginmarkmið með Fjölskyldueflingu SOS er að koma í veg fyrir aðskilnað barna og foreldra með því að hjálpa barnafjölskyldum í sárafátækt að standa á eigin fótum. Þegar foreldrarnir geta aflað tekna verða þeir færir um að sinna grunnþörfum barna sinna. Þetta hefur tekist einstaklega vel á Tulu Moye svæðinu í Eþíópíu þar sem við Íslendingar fjármögnum slíkt verkefni.

Atvinnusköpun

Á verkefnissvæði okkar í Eþíópíu, Tulu Moye, höfum við náð að bæta líf um 1600 manns í barnafjölskyldum með ýmsum hætti í bæjunum Iteya og Teromoye. Bærinn Iteya er staðsettur við fjölfarinn þjóðveg og á umferðarmiðstöðinni í bænum lagði SOS til skúr fyrir litla sjoppu sem þrjár konur, skjólstæðingar fjölskyldueflingarinnar, reka saman. Þær hafa líka umsjón með salernisaðstöðu sem SOS byggði og hafa þær tekjur af sölu á veitingum og gjaldtöku fyrir afnot af salerninu. Allt að 200 manns eiga leið um hjá þeim á hverjum degi.

Voru atvinnulausar

Undirritaður fór í vettvangsferð til Eþíópíu áður en Kórónuveirufaraldurinn skall á snemma á þessu ári og hitti þar m.a. Hönnu, einn af þremur rekstraraðilum sjoppunnar.

„Við vorum allar atvinnulausar áður en SOS setti skúrinn upp og hóf framkvæmdir við salernisaðstöðuna. Við þénum alls um 500 Birr á dag (2000 ÍSK). Það dugir fyrir heimilisútgjöldum okkar og við getum lagt pening til


hliðar,“ segir Hanna. Fátæktin þarna er svo mikil að allar fjárhæðir blikna í samanburði við það sem við þekkjum hér á Íslandi.

Afkoma tryggð

Þessi þjónusturekstur hefur einnig jákvæð áhrif á fleiri íbúa í bænum því hluti af tekjunum rennur í samfélagssjóð sem greitt er úr þegar fjölskyldur þurfa að brúa óvæntan kostnað. Um er að ræða íbúasamtök þar sem meðlimir greiða jafnt í svokallaðan öryggissjóð og á að tryggja barnafjölskyldunum tekjur þegar engin innkoma er í búið, t.d. ef húsmóðir er óvinnufær vegna barnsburðar, veikinda, fjölskyldumeðlimur fellur frá eða annarra óviðráðanlegra ástæðna.

Pakklát Íslendingum

Hanna er afar þakklát SOS fjölskylduvinum á Íslandi því vegna framlaga þeirra er svona mikilvægt verkefni mögulegt. „Ég á tvö börn og vinkonur mínar í rekstrinum eitt barn hvor. Síðan við byrjuðum að vinna í þessum rekstri eigum við loksins pening til að kaupa mat fyrir börnin og lífið er í raun að breytast til hins betra.“



QR kóði: SOS sögur
Sjáðu myndband á heimasíðu SOS með viðtali við Hönnu.



VERTU SOS FJÖLSKYLDUVINUR - SKRÁNING Á SOS.IS



Styrktaraðilar vilja eðlilega vita eitt og annað um hvað felst í því að styðja við SOS Barnaþorpin. Hér eru teknar saman nokkrar af algengustu spurningunum sem við fáum og þeim svarað.

Hvað kostar að styrkja barn?

SOS-foreldrar greiða kr. 3.900 á mánuði fyrir að styrkja eitt ákveðið barn.

Duga 3.900 krónur fyrir öllu upphaldi?

Nei, framfærslukostnaður eins barns er nokkuð hærri og því þurfa fleiri en einn styrktaraðili að standa að baki hverju barni. Hvert barn á að meðaltali 5 styrktarforeldra.

Hvað rennur stór hluti af framlagi mínu til barnsins?

85% fara beint til barnaþorpsins og nýtast til framfærslu barnsins (eða reksturs þorpsins ef þú ert barnaþorpsvinur). Að meðaltali um 15% af framlögnum fara í kostnað, t.a.m. þjónustu við styrktaraðila á Íslandi og öflun nýrra.

Er hægt að velja sér barn eftir útliti?

SOS Barnaþorpin virða rétt skjólstæðinga sinna til persónuverndar og því er ekki hægt að skoða myndir á heimasíðu okkar af börnum í neyð og velja sér styrktarbarn eftir útliti.

Hvað fæ ég gamalt barn?

Styrktarforeldrar geta átt von á að fá börn á aldrinum 0-14 ára. Liggi sérstakar ástæður að baki geta væntanlegir styrktarforeldrar lagt fram óskir um aldur barns.

Má ég skrifa barninu?

SOS-foreldrum er velkomið að skrifa börnum sínum og þykir börnunum alltaf gaman að fá bréf frá útlöndum. Ekki er þó hægt að senda þeim tölvupóst. Barnið getur sent þér bréf ef það vill.

Má ég senda barninu pakka?

Við ráðleggjum þeim SOS-foreldrum sem vilja senda börnum sínum gjafir að greiða inn á framtíðarreikning SOS og leggja þannig grunn að fjárhagslegu sjálfstæði barnsins þegar það yfirgefur þorpið. En viljir þú senda pakka til barnsins þá mælum við með litlum gjöfum sem komast fyrir í umslagi.

Má ég heimsækja barnið?


SOS-foreldrar geta heimsótt barnið sitt í þorpið. Það er stór dagur í lífi hvers barns þegar SOS-foreldrar þess koma í heimsókn.

Hvenær flytja börnin úr SOS Barnaþorpunum?

Það er ekkert aldurstakmark í SOS Barnaþorpunum. Samtökin eru ábyrg fyrir börnunum þar til þau hafa lokið menntun, eru byrjuð að vinna og geta séð um sig sjálf. Þegar börnin vilja og eru tilbúin til, þá flytja þau að heiman. Yfirleitt flytja börnin úr þorpunum á aldrinum 17-23 ára.

Eru börnin alin upp í ákveðinni trú?

SOS Barnaþorpin taka ekki afstöðu til ólíkra trúarbragða. Það þýðir þó ekki að samtökin hafni trúarbrögðum. Hvert barn er alið upp í þeirri trú sem foreldrar þess tilheyra/tilheyru.



QR kóði: Spurt og svarað

Sjáðu fleiri spurningar og svör á heimasíðunni okkar.

... stuðla að víðtækara starfi í þágu barna



Þegar þú greiðir frjálst framlag til SOS Barnaþorpanna, t.d. valkröfu í heimabanka eða með millifærslu á reikning SOS, tekurðu þátt í að fjármagna fjölmörg verkefni víða um heim. Þetta eru m.a. þróunarverkefni og mannúðar- og neyðaraðstoð - allt í þágu barna! SOS Barnaþorpin eru í grunninn ekki neyðarhjálarsamtök, en undanfarin ár hafa ítrekað orðið hamfarir af ýmsu tagi nálægt starfsstöðvum SOS, enda útbreiðsla samtakanna mjög mikil.

Með áratuga reynslu og öflugra stuðningsaðila kemur því ekki annað til greina en að veita mannúðaraðstoð í slíkum tilvikum. Samtökin leggja þá mesta áherslu á að hjálpa þeim börnum sem misst hafa eða orðið viðskila við foreldra sína í hamförunum.

SOS Barnaþorpin nýta þá þekkingu og reynslu sem þau hafa í hverju landi þegar veita þarf neyðar- eða mannúðaraðstoð í samvinnu við yfirvöld og önnur hjálpsamtök. Stuðningur okkar nær líka til verkefna sem stuðla að framförum og eflingu á svæðum í nágrenni SOS Barnaþorpa.

Eftirfarandi eru nokkur af þeim verkefnum sem SOS Barnaþorpin á Íslandi eru að fjármagna með frjálsum framlögum.

Neyðaraðstoð við börn og barnafjölskyldur í Beirút í Líbanon eftir sprengingu

Flóttamannahjálpi í Kólumbíu vegna hamfaranna í Venesúela

Neyðaraðstoð í Bornohéraði í norð-austur Nígeríu vegna stríðsátaka

Neyðaraðstoð í Laos í Suðaustur-Asíu vegna flóða

Flóttamannahjálpi í Írak

Verkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó

25 þúsund Íslendingar styrkja SOS


Stuðningur Íslendinga við umkomulaus börn í gegnum SOS Barnaþorpin er eftirtektar- og þakklætisverður. Um 25 þúsund Íslendingar styrktu SOS Barnaþorpin á árinu 2019 með mánaðarlegum styrkjum og frjálsum framlögum.

Mánaðarlegir styrktaraðilar á Íslandi 2019

Styrktarforeldrar.....	8.494	(-425)
Barnaþorpsvinir	613	(-42)
Fjölskylduvinir	1.414	(+96)
Samtals.....	10.521	(-371)

Mánaðarlegum styrktaraðilum fækkaði um 371 á síðasta ári.

Mánaðarlegir styrktaraðilar á Íslandi fjármagna með framlögum sínum ýmist framfærslu styrktarbarna sinna, rekstur ákveðins barnaþorps eða kostnað við fjölskyldueflingu sem er á vegum SOS á Íslandi.



QR kóði: SOS fjármál

Sjáðu ársskýrslu og ársreikning SOS á heimasíðu okkar.

Átak hjá ungmennaheimili SOS í Gíneu sem gerir ungmennum kleift að sameinast foreldrum sínum á ný

Atvinnuefling ungmenna í Sómalíu og Sómalílandi

Fjármögnun með SOS í Noregi á Fjölskyldueflingu í Eswatini



Áfram Ísland!

Íslensku fótboltalandsliðin hafa eignast nýja aðdáendur. SOS-systkinin á einu heimilinu í SOS barnaþorpinu í Addis Ababa í Eþíópíu voru í skýjunum þegar fulltrúi SOS á Íslandi afhenti þeim að gjöf íslensku landsliðstreyjuna í vettfangsferð þangað snemma á árinu. Knattspyrnusamband Íslands gaf treyjurnar og kunnum við sambandinu bestu þakkir fyrir.

Það sem gladdi börnin sérstaklega er hversu litrík og falleg treyjan er og að hún væri glæný og ekta.

29 Íslendingar eru SOS-styrktarforeldrar barna í barnaþorpinu í Addis Ababa.





Sólblómahátíð með öðru sniði

Frá Sólblómahátíð leikskólans í Álfaheiði í Kópavogi.

Sólblómahátíð SOS Barnaþorpanna var með öðru sniði í ár vegna takmarkana á fjöldasamkomum. Í stað þess að leikskólarnir hittust allir saman þá færðum við hátíðina yfir í leikskólana sjálfa. Leikskólarnir héldu því sínar eigin Sólblómahátíðir. Hátíðarhöldin heppnuðust vel og börnin skemmtu sér konunglega í dásamlegu veðri eins og sjá má á meðfylgjandi myndum frá sólblómaleikskólunum Álfaheiði í Kópavogi og Kiðagili á Akureyri.

Sólblómaleikskólar eru samstarfsverkefni milli SOS Barnaþorpanna og leikskóla á landinu. Leikskólabörnin fá tækifæri til að kynnst börnum frá öðrum löndum, fræðast um aðstæður þeirra og menningu ásamt því að leggja sitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað. Nú eru rúmlega 20 leikskólar á Íslandi sólblómaleikskólar og alltaf er hægt að bætast í Sólblómáfjölskylduna. Áhugasamir geta haft samband við Hjördísi á hjordis@sos.is eða í síma 564-2910.



Fjölbreytt verkefni voru í boði á Sólblómahátíð leikskólans Kiðagils á Akureyri.



Árleg söfnun Leikskóla

Leikskólinn Arnarsmári í Kópavogi er einn af Sólblómaleikskólum SOS Barnaþorpanna og þau gerðu sér ferð til okkar í sumar til að afhenda árlegt framlag sitt. Börnin í Arnarsmára láta sig varða hag barna í öðrum löndum og fræðast um aðstæður þeirra. Þau útbúa á hverju ári Sólblómabauk sem þau safna pening í fyrir börnin sem SOS Barnaþorpin hjálpa. Í ár afhentu þau okkur hvorki meira né minna en 18.350 krónur sem safnast höfðu í eitt ár.

Þessi fjárhæð verður nýtt í að hjálpa barnafölskyldum í Fjölskylduefningu SOS í Eþíópíu svo börnin í þeim geti verið áfram hjá kynforeldrum sínum. Við þökkum börnunum í Arnarsmára kærlega fyrir þetta óeigingjarna framlag.



Opnuðu snyrtistofu

Við fáum reglulega afar ánægjulegar heimsóknir á skrifstofuna okkar í Kópavogi frá börnum sem vilja láta gott af sér leiða. Hingað komu tvær 6 ára dómur í sumar, Hildur og Antonía, með 5.500 krónur sem þær söfnuðu fyrir SOS Barnaþorpin. Þær settu á laggirnar snyrtistofu úti í garði heima hjá annarri þeirra í Hlíðahverfinu í Reykjavík og máluðu og naglalökkuðu konur í hverfinu sem greiddu 500 krónur fyrir snyrtinguna.

„Við bönnuðum upp á hjá fólki, sögðum að við hefðum verið að opna snyrtistofu og spurðum hvort þau vildu koma,“ sagði Antonía sem hefur þó ekki sett stefnuna á snyrtifræði í framtíðinni. „Ég ætla að verða atvinnumaður í fótbolta og hárgreiðslukona. Eða flugmaður eins og pabbi.“

Við þökkum hinum hugmyndaríku Hildi og Antoníu kærlega fyrir að hugsa svona hlýtt til barna í erfiðum aðstæðum úti í heimi.



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

www.sos.is




Afmælispeningar

Jón Markús Torfason fékk dálitinn pening í afmælisgjöf þegar hann varð 9 ára og vildi þá láta gott af sér leiða. Hann ákvað að gefa SOS Barnaþorpunum 5.000 krónur af afmælispeningnum. „Svo að aðrir geti keypt mat og svoleiðis,“ sagði Jón Markús þegar hann kom og afhenti okkur umslag með framlaginu sínu. Framlagi Jóns Markúsar verður varið í fjölskylduefningu okkar í Eþíópíu.

Fjölskylda Jóns Markúsar hefur verið SOS-styrktarforeldri nokkurra barna í yfir 20 ár og styrkir nú dreng í Dóminíska lýðveldinu. Hann varð 9 ára í sumar, eins og Jón Markús.

Vertu SOS-foreldri

Skráning á sos.is



SOS-foreldrar veita yfirgefnum og munaðarlausum börnum fjölskyldu og heimili. Vertu með í að gera heiminn betri. Þú skráir þig á sos.is og færð bréf tvisvar á ári með mynd og fréttum af SOS-barninu þínu.



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili